



Sandgerði 20.11.2016

Til Hafnarstjóra Faxaflóahafna

Efni: Vörugjöld hjá Faxaflóahöfnum

Af gefnu tilefni sendum við þetta erindi í þeirri von að fyrirtækið fái leiðréttingu sinna mála varðandi álagningu vörugjalda á útflutning fyrirtækisins sem er "fisk úrgangur".

Skinnfiskur hf. er að flytja út fiskúrgang sem er hakkaður og frystur í 40 kg. pönnum svo mögulegt sé að flytja vöruna í frystiskipum eða gámum til útflutnings og til endurvinnslu. Varan hefur frá upphafi verið skilgreind sem hakkaður og frystur fiskúrgangur og kemur það skýrt fram á öllum farmpappírnum, vottorðum og útflutningsskýrslum. Hlutfall úrgangsins sem notað er í minnkafóður er á bilinu 8 til 10%

Skinnfiskur hóf framleiðslu á fiskúrgangi í október 1997 og fór fyrsti farmur til Danmerkur í nóvember sama ár. Hafnarstjórn Sandgerðis var í fyrstu ekki viss í hvaða flokk varan ætti heima en við skoðun á eðlivöru, þ.e. nýtingu hennar í fóður og svo magni og verðmæti var ákeðið að setja vöruna í 1. gjaldaflokk og skilgreinist hann eftirfarandi: „Dýrafóður s.s. Hakkaður og frystur fiskúrgangur“.

Viljum við taka fram að vara okkar flokkast í tollflokk sem heitir : Fiskúrgangur til fóðurs, frystur nr, 0511.9115.

Síðustu ár hefur Skinnfiskur flutt út sína framleiðslu í gámum og hafa Faxaflóahafnir sett vöru Skinnfisks í 3 flokk með vörum eins og matvara, lyf og lækningavörur, drykkjarvara, óunnir málmar og timbur, veiðarfæri, smurningsoliur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar svo og þungavara til byggingaframkvæmda svo sem húshlutar, byggingareiningar, rör, gífsplötur, rafmagnsstrengir, steypustyrktarjárn, stálbitar, málmklæðningar og einangrun.

Fiskúrgangur, unninn úr fiskafgöngum er mjög ódýr vara m.v. þessar vörur sem taldar er upp hér að ofan og þegar skoðað er hlutfall vörugjalds- og verðmætisvöru sést afhverju við mótmælum þessari skilgreiningu Faxaflóahafna. (Sjá töflu og súlurit.)

Skinnfiskur mótmælir því að vara þess sé skilgreind með vörum sem eru verulega hærri í verðmæti pr kg. samanborið við tonnið af ufsa maringi sem er ætlaður til manneldis og kostar tonnið um 230.000 þegar tonnið af frystum fiskúrgangi kostar 30.000 kr pr tonn. Mismunur er tæplega áttfaldur.

Ákvörðun Faxaflóahafna hefur verið mótmælt og teljum við að öll rök mæla með því að úrgangurinn tilheyrir undir gjaldskrá flokk 1. og að skilgreining hafnarinnar sé ekki réttlát. **Ekkert tillit væri tekið til verðmætis né magns vörunnar.**

Samkvæmt 8 gr. Gjaldskrá fyrir hafnir segir; **“Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega”**

Eftirtaldir vöruflokkar eru í gjaldskrá Faxaflóahafna.

Vörugjaldskrá:

1. **fl.: Gjald kr. 296,00 fyrir hvert tonn:**
Heilfarmar í lausu efni, sem losað er eða lestað með færriböndum, dælingu eða mokstursvélum svo sem kol, laust korn, salt, sandur, mól, kvarts, málmgrýti og önnur steinefni, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður, súrál, koks, gífs, sementsgjall, og úrgangur, (brotajárn, pappír og fleira) sem fluttur er til endurvinnslu.

2. **fl.: Gjald kr. 361,50 fyrir hvert tonn:**
Heilfarmar af vökva sem dælt er í land eða um borð í skip svo sem bensín, brennsluoliur og lýsi. Heilfarmar af fiskimjöli.

Útflutningsverðmæti fiskimjöls er í dag ca 194.000,- kr. tonnið og lýsis ca 209.000,- kr. tonnið.
Útflutningsverðmæti frosin hakkaður fiskúrgangur er 30.000,- kr tonnið.

3. fl.: Gjald kr. 617,00 fyrir hvert tonn:

Varningur, svo sem matvara, lyf og lækningavörur, drykkjarvara, óunnir málmar og timbur, veiðarfæri, smurningsoliur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar svo og þungavara til byggingaframkvæmda svo sem húshlutar, byggingaeiningar, rör, gífsplötur, rafmagnsstrengir, steypustyrktarjárn, stálbitar, málmklæðningar, einangrun.

Það er ljóst að höfnunum er í sjálfsvald sett að ákvarða vörugjöld á vörur sem fara í gegnum viðkomandi hafnir.

Af framansögðu getur hafnarstjórn Faxaflóahafna leiðrétt þá óréttlátu ákvörðun að skilgreina úrganginn í 3 gjaldaflokk og flytja hann í 1 gjaldaflokk sem honum ber að vera samkvæmt túlkun á þeim viðmiðunum sem til grundavallar liggja við gerð reglugerðarinnar og þá ekki síst vegna sanngirniss sjónarmiða.

Eins og menn vita að þá hefur sú gífurlega gengisstyrking íslensku krónunnar gert íslenskar afurðir minna samkeppnishæfari á erlendum mörkuðum. Hefur rekstur Skinnfisks ekki farið varhluta af því. Fyrirtækið verður að leita allra leiða til vera samkeppnishæf með vöru sína á erlendum mörkuðum.

Umsvif Skinnfisks í Sandgerði hafa verið að meðaltalið um 20 þúsund tonn síðastliðin 19 ár. Félagið flutt út árið 2014 um 20 þúsund tonn, um 17 þúsund tonn árið 2015 og stefnir í árið 2016 að framleiðslan verði um 30 þúsund tonn. Þetta er töluvert magn og finnst okkur því það skjóta skökku við að félagið skulu hafa verið beitt slíku óréttlæti við ákvörðun vörugjalds.

Ath að Sandgerðishöfn, Reykjaneshöfn og Hafnarfjarðarhöfn hafa tekið tillit til eðli vöru okkar þegar ákvarðað er um í hvaða verðflokk varan skal vera í.


Ef Skinnfiskur er ekki samkeppnishæfur um að framleiða þessa vörur mun þessi vara því leyta í bræðslu og það mun þýða **5 sinnum minna magn**.

Súluritið sýnir glögglega hversu óréttlát þessi verðlagning er og er það okkar einlæga von að fyrirtækið njóti sannmælis og greiði vörugjöld til samræmis við magn og/eða verðmæti, má benda á að í flokki 1 er sett fóður, vara okkar er eitt að mörgum efnum notað í fóður. Einnig er fiskimjöl í öðrum flokki og hefur það tíðkast að flytja það einnig í gámaeiningum.

Eigendur fyrirtækisins vona að ekki þurfi að koma til þess að framleiðslu fyrirtækisins verði beint annað en í gegnum Faxaflóahafnir til að vara okkar sé samkeppnishæf á erlendum mörkuðum.

Með vinsemd og virðingu.

Leifur Einar Arason
Skinnfiskur ehf.



Vörugjaldsflokkur 1.	Verðmæti pr. Tonn	Vörugjald pr.tonn	Hlutfall vörugjalds í verðmæti vörunnar.
Sement	25.000	296	1,18%
Bensín	78.000	296	0,38%
Brennslu olíur	48.000	296	0,62%
Salt Fóður	47.000	296	0,63%
Laust fóður	55.000	296	0,54%
Áburður	60.000	296	0,49%

Vörugjaldsflokkur 2.	Verðmæti pr. Tonn	Vörugjald pr.tonn	Hlutfall vörugjalds í verðmæti vörunnar.
Fiskimjöl	194.000	362	0,19%
Lýsi	209.000	362	0,17%

Vörugjaldsflokkur 3	Verðmæti pr. Tonn	Vörugjald pr.tonn	Hlutfall vörugjalds í verðmæti vörunnar.
Frystar sjávarafurðir	232.000	617	0,27%
Fisk úrgangur	30.000	617	2,06%

